

Tímabundið starfsleyfi **vegna áramótabrennu 31. desember 2018**

Leyfishafi; Knattspyrnudeild Stjórnunnar kt. 580589-1389

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur þann 26. nóvember 2018 mótttekið umsókn Ásu Ingu Þorsteinsdóttur f.h. Knattspyrnudeildar Stjórnunnar þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna áramótabrennu sem halda á 31. desember 2018 í samvinnu við Garðabæ.

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 *um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit* og lið 10.6 *um brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma* í viðauka X við sömu reglugerð og með vísun í reglugerð *um meðhöndlun úrgangs* nr. 737/2003.

Ábyrgðarmaður: Davíð Sævarsson, s. 821-5374, kt. 221090-2849, david@stjarnan.is
Staðsetning: Á brennustæði við Arnarnesvog skammt sunnan við dælustöðina.

Gildis- og ábyrgðarsvið:

Leyfið tekur til áramótabrennu þann 31. desember 2018 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða *um hollustuhætti og mengunarvarnir* hverju sinni sé fylgt, lögreglusamþykktá sem og neðangreindum skilyrðum:

Skilyrði:

- 1) Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi Sýslumanns höfuðborgarsvæðisins liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn Slökkviliðs.
- 2) Veitt er leyfi fyrir allt að **200 m³** að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við IV. kafla (bálkestir) í reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum
- 3) Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 4) Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Í úrgangsolíu geta verið hættuleg spilliefni. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í frýsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í.
- 5) Á brennustæði skal vera þykur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 6) Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sopp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskkór, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 7) Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 25. gr. í reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.
- 8) Leyfishafi skal sjá um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins.
- 9) Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilin er réttur til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir því
að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

Garðabær; 28.11.2018

